# Viltu vera hluti af öflugri liðsheild?



## Faxaflóahafnir leita að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingum

**Faxaflóahafnir er stærsta höfn landsins þar sem starfa um 80 manns á starfsstöðvum fyrirtækisins. í Reykjavík, á Akranesi, Grundartanga og í Borgarnesi. Við viljum vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum en leggjum einnig áherslu á þróun snjallra lausna og grænar hafnir.**

**Við leitum að fólki með góða hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.**

**Ef þú ert þessi einstaklingur þá viljum við heyra frá þér.**

## Sviðsstjóri Eigna- og þróunarsviðs

### Helstu verkefni

- Þróun lóða og fasteigna.
- Leiða uppbyggingu sviðsins og ábyrgð á daglegum rekstri.
- Seta í framkvæmdastjórn félagsins.
- Stefnumörkun og innleiðing á stefnumarkandi áherslum fyrir sviðið.
- Áætlanagerð og rekstur verkefna.
- Yfirumsjón með gerð og rekstri leigusamninga um lóðir og fasteignir í eigu Faxaflóahafna.
- Umsjón með viðhaldi og rekstri fasteigna og lóða í eigu Faxaflóahafna.
- Þátttaka í verkefnum á sviði umhverfis og öryggismála.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.a.m. lögfræði, verkfræði eða viðskiptafræði.
- Leiðtogahæfni og reynsla af innleiðingu stefnumiðaðrar vinnu.
- Reynsla af teymisvinnu og verkefnastjórnun.
- Reynsla af samningagerð.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum við fólk og fyrirtæki.
- Góð almenn tölvukunnátta sem nýtist í starfinu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Tryggvason hafnarstjóri.
**gunnart@faxafloahafnir.is**

## Verkefnastjóri á Framkvæmdasviði

### Helstu verkefni

- Umsjón og verkefnastýring verkefna á öllum stigum framkvæmda.
- Samskipti við ytri og innri aðila hafnarinnar í ýmsum verkefnum sem við koma mannvirkjum, landi, lóðum og götum.
- Áætlanagerð á hönnunar- og framkvæmdaverkum.
- Umsjón og eftirlit framkvæmda á hafnarsvæðum.
- Ýmis önnur tilfallandi störf.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðingur, tæknifræðingur, byggingafræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfinu.
- Reynsla af teymisvinnu og verkefnastjórnun.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum og mannvirkjagerð er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum við fólk og fyrirtæki.
- Góð almenn tölvukunnátta sem nýtist í starfinu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Inga Rut Hjaltadóttir sviðsstjóri Framkvæmdasviðs. **inga@faxafloahafnir.is**

Starfsmennirnir munu hafa aðstöðu á skrifstofu Faxaflóahafna að Tryggvagötu 17 í Reykjavík. Við hvetjum hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk til að sækja um starfið, óháð kyni. Faxaflóahafnir hefur skýra jafnréttisstefnu og leggur áherslu á fjölbreytileika í starfsliði sínu.
Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið **olafur@faxafloahafnir.is**, eigi síðar en sunnudaginn 4. janúar n.k.

**faxafloahafnir.is**

Faxaflóahafnir